

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með breytingum skv. reglugerðum nr. 548/1993, 146/1995 og 601/1995.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 12. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. málsl. 1. tölul. orðast svo: Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þ.m.t. brotamálma, sem fellur til í þjóðfélaginu, án tillits til þess hvort um reglubundna starfsemi er að ræða.

b. 3. tölul. orðast svo: Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.

2. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem verður 2. málsl. er orðast svo: Endurgreiðslubeiðni skal byggjast á fullnægjandi söluveikningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.